

Forseti – ágætu bæjarfulltrúar!

Í velferðarráði sitja ásamt mér Róbert Freyr Jónsson varaformaður og fullrúi L-lista, Halldóra Kristín Hauksdóttir fullrúi Framsóknarflokks, Svava Hjaltalín fullrúi Sjálfstæðisflokks, Valur Sæmundsson fullrúi Vinstri-grænna og Guðrún Karítas Garðarsdóttir frá Bjartri framtíð sem er áheyrnarfullrúi.

Nokkrar breytingar hafa orðið á ráðinu frá upphafi kjörtímabilsins. Róbert tók sæti Jóhanns Gunnars Sigmarssonar og Svava kom inn í ráðið í stað Oktavíu Jóhannesdóttur sem bæði eru flutt úr bænum. Sjálf tók ég sæti Sigríðar Huldar Jónsdóttur, sem steig til hliðar sem formaður velferðarráðs þegar hún tók sæti Loga Einarssonar í bæjarráði. Ráðið er skipað afbragðs fólki og vil ég þakka fyrir það góða samstarf sem þar fer fram.

Það er mikilvægt fyrir bæjarfélagið að hafa öflugan starfsmannahóp og það á ekki síst við í velferðarþjónustunni þar sem samskipti við þjónustuþega eru stór hluti af starfinu. Það góða samstarf sem ráðið á við starfsfólk þeirra starfseininga sem falla undir það og þá sérstaklega sviðsstjóra Búsetusviðs og Fjölskyldusviðs og framkvæmdastjóra Öldrunarheimila Akureyrar er ómetanlegt og ég er afar þakklát fyrir það.

Síðan ég kom inn í Velferðarráðið hefur það fengist við ýmis verkefni og þessi stutti tími hefur verið afar lærdómsríkur. Viðamestu málin hafa tengst rekstri Öldrunarheimilanna, sem eins og bæjarfulltrúar vita, er þungur. Stjórnkerfisbreytingar höfðu mikil áhrif á fjölskyldusviði og enn er unnið að mótun þjónustu þess í kjölfar þeirra. Hvað búsetusviðið áhrærir er vöntun á húsnæði fyrir fatlaða brýnt úrlausnarefni sem unnið hefur verið að.

Vinna við nýja velferðarstefnu hefur staðið yfir í langan tíma, fyrst og fremst vegna mannabreytinga í ráðinu og starfsmannahópnum. Verkefnastjóri var ráðinn til verksins haustið 2015 en verkefnið kláraðist ekki á starfstíma hans. Gagnaöflun og úrvinnslu gagna er lokið og vinna við ritun stefnuskjalsins er langt komin. Vonast er til að hægt verði að kynna drög að stefnunni fyrir sumarfrí.

Málaflokkurinn í heild sinni þarf skýra sýn en hann er umfangsmikill og það er auðvelt að festast í „afgreiðslum“ einstakra mála, sem öll eru mjög áriðandi á hverjum tíma en duga því miður skammt sem leiðarljós til lengri tíma litið.

Þá er gott að framtíðarsýn Velferðarráðs er skýr. Hún er í stuttu máli sú að 2021 búi allir íbúar sveitarfélagsins við félagslegt öryggi og að börn og unglingar búi við góð uppeldisskilyrði. Þeim sem aðstoðar þurfa við sé gert kleift að búa sem lengst í heimahúsum, stunda atvinnu og lifa sem eðlilegustu lífi. Bæjarbúar séu hvattir til heilbrigðra lífshátta með öflugri fræðslu og forvörnum í öllum málaflokkum. Upplýsingar um þjónustu Akureyrarbæjar séu aðgengilegar öllum og stofnanir og starfsfólk bæjarins sé í forystu hvað varðar nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu sem og að veita þjónustu af fagmennsku og þekkingu.

Ég mun nú gera grein fyrir stöðunni í málaflokkum velferðarráðs en heilt yfir hefur verið unnið að uppbyggingu þekkingar, aukinnar nýtingar velferðartækni, forvarnarstarfi, sveigjanlegri búsetuþjónustu og auknu samráði við notendur um ákvarðanatöku.

Umtalsverðar breytingar hafa orðið á sviði húsnæðismála í kjölfarið á annars vegar nýrri löggjöf um húsnæðisbætur, sem leysir af hólmi lög um húsaleigubætur og vaxtabætur og hins vegar setningar laga um almennar íbúðir, sem fjalla um stuðning við fjármögnun á byggingu leiguíbúða fyrir þá sem hafa lægstar tekjur. Settur var á fót sérstakur verkefnahópur um aðkomu bæjarins í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu og fulltrúi velferðarráðs tók sæti í verkefnahópnum. Hópurinn skilaði niðurstöðum í lok nóvember og húsnæðisáætlun leit dagsins ljós í febrúar á þessu ári.

Akureyrarbær rekur í dag 329 félagslegar leiguíbúðir. 303 eru í eigu bæjarins og 26 íbúðir eru leigðar af þriðja aðila og endurleigðar til umsækjenda um félagslegt húsnæði.

Á biðlista eftir leiguhúsnæði hjá Akureyrarbæ í árslok 2016 voru samtals 172 umsækjendur, þar af eru 29 að sækja um flutning í hentugra húsnæði. Það hefur því fækkað um 17 umsækjendur á biðlistanum á árinu 2016.

Undirbúningur er hafinn að byggingu sex íbúða búsetukjarna fyrir fatlað fólk með mikla þjónustupörf. Gert er ráð fyrir að búsetukjarninn leysi af hólmi eldra herbergjasambýli sem ekki stenst þær kröfur sem gerðar eru til heimila fatlaðs fólks í dag. Gera þarf ráð fyrir frekari fjölgun slíkra búsetuúrræða og verulegra umbóta á eldra húsnæði á næstu árum, bæði vegna fyrirsjáanlegrar fjölgunar þeirra sem slíkrar þjónustu þurfa með og vegna aukinna krafna til húsnæðisins í lögum og reglugerðum. Við hönnun húsnæðisins þarf að horfa til þess að rekstur þess verði hagkvæmur og að hægt sé að veita íbúunum góða þjónustu með hagkvæmum hætti.

Sértæk búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk er mjög fjölbreytt. Á síðasta ári nutu 66 einstaklingar þjónustunnar. Þar af bjuggu fimm á áfangaheimili sem er tímabundin búseta fyrir fólk með geðraskanir. Aðrir búa í þjónustukjörnum eða sambýlum. Af þessum 66 voru 46 karlar og 20 konur. 34 einstaklingar fengu sértæka heimaþjónustu (frekari liðveislu) á Akureyri og einn utan Akureyrar. Tuttugu og sex þeirra fengu meira en 10 klst. þjónustu á viku en Akureyrarbær sér um að veita þá þjónustu sem er umfram 10 tíma á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks. Flestir þeirra sem þiggja þjónustuna hafa farið í SIS-mat þar sem lagt er mat á stuðningsþörf og fær Akureyrarbær framlag úr Jöfnunarsjóði samkvæmt niðurstöðu þess.

Undanfarin ár hafa nokkrir einstaklingar, sem þurfa umtalsverða þjónustu, flust í nágrenni við þjónustukjarna. Á þann hátt er hægt að veita ráðgjöf, þjónustu, stuðning og öryggi sem felst í því að vera í mikilli nálægð við sólarhringsþjónustu án þess þó að flytja inn í þjónustukjarnann.

Í febrúar voru 24 einstaklingar á biðlista eftir sértæku húsnæði. Þar af voru 14 á bið eftir þjónustukjarna en 10 á bið eftir áfangaheimili. Þrír voru auk þess á biðlista eftir flutningi þar sem núverandi búsetuúrræði hentar þeim ekki lengur. Þá eru ótaldir íbúar sambýlisins í Jörvabyggð 14.

Sérstakt búsetuúrræði fyrir heimilislausa einstaklinga hefur ekki verið til staðar á Akureyri. Þörf er engu að síður fyrir hendi þótt hún sé breytileg. Það er dapurleg staðreynd að fólk er heimilislaust hér í bæ en við höfum reynt að leysa vanda þeirra sem eiga ekki heimili í félagslega leiguíbúðakerfinu. Fólk sem er líklegt til að verða heimilislaust nýtur ákveðins forgangs í kerfinu og þolinmæði varðandi umgengni og greiðslur. Svo kallað Gránufélagsteymis þjónustar hóp sem annars væri hætt á að væri að einhverju leiti heimilislaus, með þeim afleiðingum sem það hefur m.a. á heilsu, líðan og félagslega stöðu. Unnið er með skaðaminnkandi nálgun, sem felst í að draga úr heilsufarslegum, félagslegum og efnahagslegum afleiðingum vímuefnaneyslu og hugmyndafræði valdeflingar. Á árinu 2016 fengu 23 einstaklingar þjónustu frá Gránufélagsteyminu. Allir þjónustunotendur eru karlar. Mjög misjafnt er hversu mikla þjónustu hver og einn fær og er misjafnt eftir tímabilum.

Tíu einstaklingar með geðrænan vanda/fíknivanda bíða eftir að komast að í félagslegu húsnæði en það getur verið flókið að finna þeim stað svo vel sé. Þessir einstaklingar vilja ekki alltaf þiggja þjónustu sem er í boði og stundum er meðferðarheldni þeirra mjög lítil. Í hópnum eru einstaklingar sem rekast illa í nábyli við annað fólk. Þörf fyrir sér hús hefur verið viðvarandi síðast liðin ár, en nú er m.a. unnið að því að finna tveimur slíkum húsum hentugan stað.

Í þjónustu við fatlað fólk og í öldrunarþjónustu er unnið samkvæmt hugmyndafræði valdeflingar og þjónandi leiðsagnar. Það þýðir að lögð er áhersla á að leita eftir vilja einstaklingsins og láta valdið í hans hendur. Stuðningurinn er veittur á forsendum þess sem hann fær en ekki þess sem veitir. Starfsfólk í velferðarþjónustu á Akureyri hefur tileinkað sér þessa hugmyndafræði, margir innan bæjarins eru með sérþekkingu á henni og Akureyri er í forystu varðandi þjónandi leiðsögn á landinu öllu.

Haustið 2016 héldu búsetudeild ásamt Öldrunarheimilum Akureyrar alþjóðlega ráðstefnu um þjónandi leiðsögn á Akureyri. Hún var bæði vel sótt og vel heppnuð. Aukinn áhugi er um allt land fyrir þeirri leið sem við höfum farið og hafa fulltrúar bæjarins kynnt og haldið fyrirlestra víða og finna greinilega fyrir miklum áhuga á nálguninni. Lífsgæði þeirra sem þjónustuna nota hafa aukist til muna. Það hefur komið fram bæði hjá íbúum og aðstandendum þeirra. Starfsmenn sjá stóran mun á líðan og lífi íbúa, starfsmannavelta hefur minnkað og starfsánægja aukist. Nýverið gáfu ÖA og Búsetusvið út upplýsingabækling um þjónandi leiðsögn sem nýtist sem fræðsluefni fyrir nýja starfsmenn auk þess að verða dreift til allra sveitarfélaga og annarra fagaðila sem þjónusta fatlað fólk.

Félagsleg heimaþjónusta hefur aukist jafnt og þétt í takt við fjölgun íbúa á svæðinu og þá stefnu að sem flestir geti búið á eigin heimili í stað þess að vistast á stofnun vegna öldrunar, sjúkdóma eða fötlunar. Heimaþjónusta er veitt allan sólarhringinn, alla daga ársins, en næturvaktin er samstarfsverkefni heimaþjónustu og heimahjúkrunar. Þjónustan skiptist í tvo hluta; almenna heimaþjónustu og sértæka heimaþjónustu. Hlutur sértækra heimaþjónustu sem felur í sér persónulega aðstoð og eftirlit fer vaxandi.

Á árinu 2016 fengu 616 heimili almenna félagslega heimaþjónustu sem er svipað og árið á undan. Aldrað fólk er stærsti hópur þeirra sem þiggur þjónustuna. Þess skal þó getið að í þessum tölum reiknast aldraðir frá 65 ára aldri. Af þeim 446 heimilum aldraðra sem fengu heimaþjónustu voru íbúar 289 heimila 80 ára og eldri. Fækkun er á vinnustundum sem eingöngu eru veittar í þrif en fjölgar þeim sem er varið í fjölbreyttari þjónustu. Einstaklingum 65 ára og eldri hefur fjölgað verulega á undanförunum árum og gera má ráð fyrir að sú fjölgun haldi áfram. Ef horft er til síðustu tíu ára er fjölgunin um 66 einstaklingar á ári en 78 ef horft er til síðustu fimm ára. Það er því mikilvægt að forvarnir og tæknilausnir verði nýttar til að halda aftur af kostnaðaraukningu samfara fjölguninni.

Í upphafi árs 2016 var gert samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga vegna atvinnumála fatlaðra. Það fól í sér að sveitarfélögin reka áfram vinnustaði fyrir fatlaða og sjá þar með um hæfingu, virkni, starfsþjálfun og verndaða vinnu auk þess að útteila styrkjum skv. 27. grein laga um málefni fatlaðs fólks. Verkefnið: „Atvinna með stuðningi“ (AMS) var hins vegar flutt til ríkisins eða Vinnumálastofnunar. Tveir starfsmenn fjölskyldudeildar, sem sinntu AMS fluttust því í ársbyrjun 2016 með verkefninu til Vinnumálastofnunar.

Á nýju ári 2017 hafa orðið miklar breytingar á Fjölskyldusviði vegna stjórnkerfisbreytinga sem gerðar voru sl. haust og komu til framkvæmda um áramót.

Málefni félagslegra leiguíbúða fluttist til Fjölskyldusviðs og nýtt húsnæðisbótakerfi tók gildi um áramótin. Flutningurinn hefur verið farsæll og starfsemin er að samlagast mjög vel. Gerðar voru reglur sem byggja á leiðbeinandi reglum ráðuneytis þar sem m.a. er gert ráð fyrir því að mat á félagslegum aðstæðum skipti máli við ákvörðun um rétt til bótanna.

Fyrirgreindar skipulagsbreytingar fólust jafnframt í því að þeirri heildstæðu ráðgjafarþjónustu sem var á Fjölskyldudeild var skipt upp og sá hluti þjónustunnar sem snýr að sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla var færður yfir á Fræðslusvið. Enn er verið að vinna í að koma á verklagi milli þessara tveggja sviða þannig að hægt verði að halda áfram góðri þjónustu en umtalsverð teymisvinna fer fram vegna fatlaðra barna og barna með hegðunarfrávik.

Útgjöld til fjárhagsaðstoðar hækkuðu lítillega á milli ára. Heildarútgjöldin á síðasta ári voru 147.5. m.kr. sem er tæpum 3.m kr. meira en árið áður. Viðtakendum fjárhagsaðstoðar fækkaði hinsvegar um tíu og voru 359. Hlutfall þeirra sem fá fjárhagsaðstoð er enn undir 2% af íbúafjölda sveitarfélagsins.

Á síðasta ári fækkaði einnig þeim sem þiggja langtímaaðstoð en þá fengu 11 einstaklingar fjárhagsaðstoð í hverjum mánuði á móti 18 árið 2015 og 13 árið 2014.

Í Skógarlundi nutu 50 einstaklingar þjónustu. Starfið í Skógarlundi er í stöðugri þróun og stefnan til framtíðar meiri áhersla á hópastarf, einstaklingsvinnu, útivist og hreyfingu, svo eitthvað sé nefnt. Notendur Skógarlundar tóku sem fyrr þátt í listahátíðinni List án landamæra og héldu aðventu og jólamarkað þar sem allur seldur varningur var unnin af notendum.

Rekstur Plastiðjunnar Bjargs/lðjulundar (PBI) gengur mjög vel en meginuppistaða verkefna er létt iðnaðarframleiðsla og þjónusta. Sú breyting varð á árinu að allar umsóknir um vinnu á PBI fara nú í gegnum Vinnumálastofnun.

Barnaverndartilkynningum, sérstaklega frá lögreglu hefur fjölgað en fjöldi fjölskyldna sem unnið hefur verið með er sá sami og verið hefur síðustu tvö ár og hið sama má segja um fjölda fjölskyldna þar sem íhlutun átti sér stað. Sviðið vinnur að samstarfsverkefni með lögreglunni, sem nefnist „Meðan glugginn er opinn“ og snýst um viðbrögð við heimilisofbeldi. Margvísleg afskipti lögreglu af unglíngum eru nú algengari en áður og lögregluafskiptum vegna heimilisófriðar og ágreinings þar sem börn eru til heimilis, hefur fjölgað.

Í anda þeirrar stefnu að fylgjast með nýjungum í velferðarþjónustu og veita aðgengilega og trausta þjónustu er unnið að ýmsum þróunar- og samvinnuverkefnum.

Búsetusvið eru í miklu og góðu samstarfi við heimahjúkrun Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og aðra aðila sem sinna heilbrigðisþjónustu á svæðinu, með það að markmið að samþætta þjónustuna og ná til þeirra sem þjónustunnar þurfa með.

Fjölskyldusvið kemur ásamt samfélagssviði og fræðslusviði að úrræði sem heitir Skólasmíðjan. Hún varðar m.a. aðild barnaverndar og sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og er ætluð einstaklingum sem ekki geta nýtt sér hefðbundinn skóla og sem leitað hefur verið allra leiða til úrbóta innan skólans með.

Gott samstarf er við forvarnarfulltrúa í málum unglínga sem sýna áhættuhegðun með andfélagslegu sniði og í samvinnu við Barnaverndarstofu er unnið að innleiðingu á nýju verklagi við samræmt mat á einstökum barnaverndarmálum.

MST eða sk. fjölkerfameðferð hefur verið veitt af Barnaverndarstofu í samvinnu við fjölskyldusvið. Meðferðin er veitt fjölskyldum 12-18 ára barna, sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda og fer fram á heimili fjölskyldunnar.

Askjan hefur það að markmiði að veita markvissa aðstoð til barnafjölskyldna inn á heimili þeirra. Um er að ræða ýmsa fræðslu og ráðgjöf er varðar uppeldi og heimilishald. Markhópurinn er foreldrar/foreldri sem eiga í erfiðleikum með uppeldishlutverkið, ýmist vegna aðstæðna foreldranna sjálfra, erfiðleika hjá barninu eða umhverfisþátta. Þjónustan er fyrst og fremst í formi heimsóknna inn á heimili og mjög mikil eftirspurn hefur verið eftir henni. Þjónusta Öskjunnar hefur verið í stöðugri þróun og ljóst að með henni skapast tækifæri til að sinna snemmtækri íhlutun til fjölskyldna fyrr og markvissar en áður.

Á Öldrunarheimilum Akureyrar eru 171 hjúkrunarrými og 12 dvalarheimilisrými eða samtals 183 leyfð rými. Alls nýttu um 511 einstaklingar hjúkrunar-, dvalar- og dagþjónustu ÖA, þar af 114 einstaklingar sem gestir dagþjálfunar. Að meðaltali koma um 70-80 einstaklingar í dagþjálfun í hverri viku. Full nýting rýma var í hjúkrun- og dvalarrýmum sem og í dagþjálfun.

Öldrunarþjónusta Akureyrarbæjar, þróun, staða og framtíðarhorfur voru til skoðunar í samantekt KPMG sem skilað var í janúar 2016. Vinnan hefur leitt í ljós að daggjöld og þar með tekjur ÖA, hafa ekki fylgt verðlagsþróun og nú er svo komið að framlög ríkisins til þjónustunnar standa undir litlu öðru en launakostnaði. Frekari athugun á rekstri ÖA stendur enn yfir og vinnur KPMG ásamt stjórnendum heimilanna enn að málinu. Sú athugun tekur einnig til mats á kostum og göllum rekstrarforms heimilanna og er áætlað er að þeirri vinnu ljúki á miðju þessu ári.

Rekstur ÖA kostaði um 2,6 milljarða króna á árinu 2016. Tekjur ÖA í formi daggjalda frá Sjúkratryggingum Íslands (S.Í.) ásamt greiðslum íbúa, voru rúmlega 1,9 milljarðar króna og tekjur frá S.Í. vegna húsnæðisgjalds voru um 96 milljónir. Þegar litið er til

tekna af starfsemi, er hlutfall launakostnaðar um 100%. Eins og undangengin ár var leitað allra leiða til sparnaðar í rekstri með miklu aðhaldi í yfirvinnu. Á árinu störfuðu hjá ÖA 487 einstaklingar í um 222 ársverkum, 458 konur (94%) og 29 karlar (6%).

Í október sl. náðist sá áfangi að rammasamningur um þjónustu hjúkrunarheimila var undirritaður. Hluti samningsins fól í sér að bætt var í heildarfjármögnun hjúkrunarheimila á landinu, lífeyrisskuldbindingum aflétt og þær yfirteknar af ríkinu. Frá og með 1. janúar 2017 tók síðan gildi þriðja útgáfa kröfulýsingar fyrir hjúkrunar- og dvalarheimili sem velferðarráðuneytið gefur út.

Í samræmi við spár og áætlanir til lengri tíma, sem gera ráð fyrir að 85% þeirra sem eru 80 ára og eldri muni geta búið heima er lögð áhersla á forvarnir og heilsuefningu, aðstoð heima og stuðningsúrræði eins og dagþjálfun og tímabundnar hvíldarinnlagnir. Við verðum að ná hagræðingu í gegnum samþættingu og samvinnu í skipulagi og framkvæmd þjónustu við eldra fólk. Forsenda árangurs í frekari hagræðingu er áframhaldandi hagnýting og áhersla á velferðartækni í allri þróun þjónustunnar, sem þarf að veita sem næst einstaklingnum. Það er líka mikilvægt að starfsfólk heimaþjónustu fái fræðslu um einkenni heilabilunar og samskipti við fólk með heilabilunarsjúkdóma, sem gæti bæði flýtt greiningu og bætt þjónustuna..

Innan ÖA fer gríðarlega mikið og gott þróunarstarf fram og eiga starfsmenn heiður skilinn fyrir elju, framsýni og ekki síður útsjónarsemi þegar kemur að því að sækja fjármagn til mikilvægra þróunarverkefna.

Á sviði umbóta og skipulags voru efst á baugi verkefni innan dagþjálfunar en sameinuð dagþjálfun hóf starfsemi í Hlíð í byrjun ársins 2016 og því verið helgað mótun starfseminnar á nýjum stað, þar sem leitast var við að festa í sessi og þróa nýtt vinnulag. Sem dæmi um þá áherslubreytingu er þróun starfseminnar úr þjónustu í þjálfun. Önnur verkefni á sviði skipulags og umbóta voru aukin upplýsingamiðlun með útgáfu Hrafnsins – fréttabréfs ÖA, endurmat á umsóknarblaði og upplýsingum sem aflað er við ákvörðun um úthlutun rýma í dagþjálfun og stöðug þróun og endurútgáfa á leiðbeiningum og fyrirmælum í gæðahandbók ÖA.

Áhersla á þróunarverkefni á sviði velferðar og tækni hefur haldið áfram. Lagt var í nýtt samstarfsverkefni með Lyfjaveri um Alfa - rafræna lyfjaumsýslu sem er nú keyrð á öllum heimilum ÖA. Alfa verkefnið er áætlað til næstu tveggja ára og einstök verkefni á sviði rafrænnar skráningar eru eftirritunarskyld lyf, rafræn lyfjakort og forprófanir og innleiðing þessara verkþátta. Í þessum verkefnum hefur ÖA verið leiðandi samstarfsaðili og eru núna fleiri og fleiri hjúkrunarheimili og sjúkrahús að taka í notkun þennan búnað.

Áfram var unnið með innkaupakerfið Timian varðandi samantekt og miðlun upplýsinga úr kerfinu. Þá var einnig lokið við forprófanir með pantanir rekstrar- og hjúkrunarvöru í gegnum kerfið, en miðað var við að allar pantanir yrðu gerðar í kerfinu frá ársbyrjun 2017.

Mikil vinna hefur farið í að þróa og endurbæta rafræn samskipti og uppgjör í gegnum gagnagátt Sjúkratrygginga Íslands eftir að Sjúkratryggingar tóku við hlutverki Tryggingastofnunar ríkisins. Augljóst hagræði er að slíkum rafrænum samskiptum en allt árið hefur einkennst af miklum seinkunum og villum og leiðréttingum í hugbúnaðinum, sem orsakaði m.a. að greiðslur og lokauppgjör drógust um of. ÖA ásamt tveimur öðrum heimilum hefur verið samstarfsaðili Sjúkratrygginga vegna þessarar þróunar.

Gerður var samstarfssamningur við Oddfellow regluna á Akureyri um breytingar tveggja raðhúsaíbúða í sjúkraíbúðir eða sjúkrahótel. Vinna við endurbætur íbúðanna hófst í byrjun september og gera áætlanir ráð fyrir að þær verði teknar í notkun í næsta mánuði.

Connect, sem er norrænt verkefni á viði velferðartækni, lýkur á þessu ári með útgáfu handbókar og málþings sem verður á Akureyri 26. maí n.k. Þar er markhópurinn sveitarstjórnarmenn og stjórnendur sveitarfélaga, enda hafa úttektir unnar á hinum Norðurlöndunum sýnt fram á að notkun velferðartækni skilar sér í fjárhagslegum ávinningi, minna álagi á velferðarþjónustuna og auknum lífsgæðum íbúa eða notenda. Á síðast ári voru unnin nemendaverkefni um Alfa kerfið og um Timian kerfið, auk úttektar á áhrifum útivistar og ylgaða á lífsgæði íbúa á hjúkrunarheimilum. Einnig var unnið að samstarfsverkefnum og rannsóknarverkefnum með háskólastiginu, hvorutveggja nemendaverkefnum og sjálfstæðum rannsóknarverkefnum.

ÖA fékk á árinu 3 milljóna króna styrk úr Framkvæmasjóði aldraðra til að þróa og framkvæma ný þjónustuúrræði á sviði samfélaghjúkrunar, tímabundinna dvala og dagþjálfunar. Það verkefni er nú í fullum gangi og eru vísbendingar um að sú aðferð og framkvæmd muni gefa tóninn fyrir breyttar áherslur í þjónustu við eldra fólk.

Þá fékk ÖA 250 þúsund króna styrk úr Samfélagssjóði Landsbanka Íslands til að þýða og gefa út efni um heilabilun. ÖA hefur verið í miklu samstarfi við Alzheimersamtökin. Ávöxtur af því samstarfi hefur nýverið komið fram með málþingum sem haldin eru víða um land en eitt þeirra var hér á Akureyri 7. apríl sl. Aldursvænar borgir og bæir, og alzheimervænt samfélag er í dag leiðandi stef í stefnumótun og framkvæmd velferðarþjónustu í norrænu samhengi og víðar í heiminum. Ljóst er að fræðsla, ráðgjöf og stuðningur við fjölskyldur þeirra sem glíma við alzheimer, er vaxandi verkefni sem velferðarþjónusta Akureyrarbæjar þarf að styðja og sinna enn frekar.

Ég hef stiklað á stóru í málum er varða velferðaráð en yfirferðin er engan vegin tæmandi í þessum stóra málaflokki. Verkefnin eru mörg, þjónustuþegarnir hafa mismunandi þarfir og starfsmannahópurinn er fjölbreyttur með ólíkan faglegan bakgrunn. Okkur finnst við starfa á góðum grunni Akureyrarmódelisins og viljum efla samstarf, samtal og samþættingu innan velferðarþjónustunnar. Við viljum leggja áherslu á að veita þjónustuna nær íbúum og þó svo okkur finnst margt ganga vel eru verkefnin ærin og nægt svigrúm til betrumbóta.

Sem fyrr segir er velferðarstefnan ekki fullunnin en í henni leggjum við m.a. áherslu á:

- Faglega og góða þjónustu.
- Samþættingu í þjónustu og þjónustukerfum sem við ætlum að koma á með skipulögðu samstarfi og teymisvinnu
- Áframhaldandi velferðartækni sem felst í aukinni nýtingu hjálpartækja, fræðslu og tæknilegum úrræðum sem styðja við sjálfstætt líf og vinna gegn einmanaleika.
- Aukna upplýsingagjöf og fræðslu með nútímalegum aðferðum.

Að síðustu langar mig að segja að það er okkar hlutverk að veita velferðarþjónustu í samræmi við þau lög og reglugerðir sem um hana gilda. Við getum ekki leyft okkur að dvelja í tilvistarkreppu varðandi það t.d. hvort við ætlum að sinna öldrunarþjónustu eða ekki. Ég trúi því að þessi þjónusta eigi hvergi betur heima en hjá sveitarfélaginu. Það er mikilvægt að við höldum áfram að skapa hér samfélag sem veitir úrvals velferðarþjónustu. Ég held að aðrir séu ekki betur til þess fallnir en við. Jöfnuður í samfélaginu er mikilvægur og við þurfum að tryggja tækifæri allra til húsnæðis, framfærslu, heilbrigðis- og félagsþjónustu óháð efnahag. Það er hins vegar krefjandi, svo ekki sé fastara að orði kveðið, að halda úti lögbundinni þjónustu þegar fjárframlög halda ekki í við hækkun launakostnaðar og á því verður að finnast lausn. Við þurfum að sækja þá peninga sem þarf til að hægt sé að veita lögbundna þjónustu.

Takk fyrir.